




SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA 2025-2029

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA 2025-2029

Unnið af Vestfjarðastofu fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga | Október 2024 – Útgáfa 1.0



Við þurfum að stærka kökusneiðina

Ábyrgðarmaður: Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri | Ráðgjöf: VSÓ ráðgjöf / Úrbana
Grafísk hönnun: Pixel ehf. / Gunnar Bjarni Guðmundsson | Ljósmyndir: Starfsmenn Vestfjarðastofu
Teikningar: Einar Viðar Guðmundsson

Vestfirðir/Vestfirðingar/vestfirskt

Vestfirðum og Vestfirðingum er gjarnan lýst á dramatískan hátt með kraftmiklum lýsingarorðum sem reyna að fanga anda þeirra og atgervi. Vestfirðir eru samt ekki eitthvað eitt því innan þeirra eru ólík samfélög með ólíkar áskoranir. Samfélögin einkennast þó almennt af kyrrð og ró, sem fólk kann að meta, og þau taka vel á móti nýjum íbúum. Það margt sem sameinar íbúa Vestfjarða og innan stjórnáráðgjafar eru sífellt fleiri verkefni sem unnið er að í sameiningu.

Það er gríðarleg gerjun á Vestfirðum, uppbygging hefur tekið við af niðursveiflu og talað er um „vestfirska efnahagsævintýrið“ þegar rætt er um uppbyggingu fiskeldis og þróun og sölu Kerecis. Síðustu ár hefur kraftur verið settur í að bæta samkeppnishæfni Vestfjarða og áhersla verið lögð á uppbyggingu innviða, sem birtist meðal annars í mikilli umbreytingu í samgöngumálum og nýsköpun sem byggir á styrkleikum svæðisins.

Kraftmikið menningarlíf, tómstunda- og íþróttastarf hefur löngum einkennt Vestfirði. Kannski hefur fjarlægðin frá höfuðstaðnum þar sitt að segja og kannski vestfirska seiglan. Hverjar sem ástæðurnar kunna að vera eru sköpunargleði og þróttur heimafólks til að hafa ofan af fyrir sjálfum sér og öðrum til eftirbreytni.

Hvert sem lítið er búa Vestfirðir að stórbrotinni náttúru og ríkulegum náttúruauðindum. Þó að Vestfirðingar séu af öllum toga og alls ekki alltaf sammála um allt eru þeir þó upp til hópa einstaklega ánægðir með náttúru svæðisins, friðsældina, loftgæðin og öryggið.

Hvaða lýsingarorð sem Vestfirðingar vilja nota til að lýsa sjálfum sér og umhverfi sínu, hvernig sem aðrir vilja gera það, getum við öll verið nokkuð sammála um eitt: Vestfirðir eru fjölbreyttir.

Starfsfólk Vestfjarðastofu



**Vestfirðir eru
fjölbreyttir**

Hvað er Sóknaráætlun

Sóknaráætlun Vestfjarða er byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem byggir á mati íbúa svæðisins á því hvernig svæðið eigi að þróast næstu ár. Sóknaráætlun er aðgerðaráætlun til fimm ára í senn sem felur í sér stöðumat, framtíðarsýn og markmið.

Sóknaráætlanir hafa skilað miklu til landshlutanna og hafa fjölmörg verkefni komið til framkvæmda fyrir tilstuðlan þeirra. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða er hluti af áætluninni og hafa Vestfirðingar verið duglegir að færa sér hann í nyt og þannig efla menningar- og atvinnulíf á svæðinu. Að auki eru árlega valin áhersluverkefni út frá markmiðum gildandi sóknaráætlunar.

Árið 2015 var fyrsta sóknaráætlunin gerð og er þessi því sú þriðja í röðinni. Í hvert sinn hefur verið kallað eftir víðtæku samráði við íbúa svæðisins. Það er mikilvægur liður í því að aðgerðaáætlunin feli í sér það sem kallað er eftir hverju sinni. Í samráði um nýja sóknaráætlun mátti heyra að íbúar upplifðu stundum áhrifaleysi og að þeim reyndist torvelt að finna vettvang til áheyrnar og samstarfs – og er þátttaka í þessari vinnu einn vettvangur til þess.

Landshlutasamtök sveitarfélaganna sjá um umsýslu og framkvæmd sóknaráætlana í hverjum landshluta en fjárveitingar koma frá innviðaráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Líta má því á sóknaráætlanir sem samstarfsvettvang sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags auk annarra haghafa í hverjum landshluta. Byggðastofnun og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál bera síðan ábyrgð á mati á framvindu sóknaráætlana og eftirliti með þeim.



**Sóknaráætlun er
aðgerðaráætlun til
fimm ára í senn**

HEILDARFJÁRMAGN SÓKNARÁÆTLUNAR 2020-2024

606

MILLJÓNIR

321

MILLJÓNIR

UPPBYGGINGARSJÓÐUR

230

MILLJÓNIR

ÁHERSLUVERKEFNI

55

MILLJÓNIR

UMSÝSLA

318

VERKEFNI

34


VERKEFNI



VESTFIRÐIR - STAÐA 2024

7.168
ÍBÚAR

1.439
FJÖLDI ÍBÚA MEÐ ERLENT RÍKISFANG



LANDSMANNA



8

SVEITARFÉLÖG

Á VESTFJÖRÐUM..

ERU **4 JARÐGÖNG**
ALLS 20 KM. LÖNG

ERU **49 FYRIRTÆKI**
Í FERÐAÞJÓNUSTU

ERU **20 HAFNIR**
FLESTAR ALLRA LANDSHLUTA

ERU
27.000 KINDUR

ER **1 JÖKULL**
DRANGAJÖKULL

ERU **1.407 KM**
AF ÞJÓÐVEGUM

ER **KALDBAKUR**
HÆSTI TINDUR
VESTFJARÐA
998 METRAR

KOMA **400.000**
FERÐAMENN
Á ÁRI

ERU ALIN TIL MANNELDIS
36.000 TONN
AF FISKI ÁRLEGA

BÚA
3.731 KARL
3.433 KONUR
4 KYNSEGIN

ER ORKUFRAMLEIÐSLA
120 GWST
RAFORKUNOTKUN
ER **270 GWST**

ERU **3 STÓR**
FUGLABJÖRG
LÁTRABJARG – ER STÆRSTA
FUGLABJARG EVRÓPU

ER STRANDLÍNAN 2980 KM
35% AF STRANDLÍNU ÍSLANDS
415 METRAR AF STRANDLÍNU Á ÍBÚA

ER MESTA DÝPI Í ÍSAFJARÐARDJÚPI
130 METRAR



Vestfirðir árið 2024 – hér erum við

Vestfirðir í tölum:

Á Vestfjörðum eru átta sveitarfélög: Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðabær, Kaldraneshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur og Vesturbyggð. Hefur þeim fækkað um eitt frá gerð síðustu sóknaráætlunar. Í ársbyrjun 2024 voru íbúar á Vestfjörðum 7.168 en eftir hraða íbúafækkun um áratuga skeið eru Vestfirðir nú í sókn og hefur íbúum fjölgað allt frá árinu 2017. Þessa jákvæðu þróun má að mestu þakka aukinni atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun.

Um 2% landsmanna eru nú búsettir á Vestfjörðum en árið 2000 var prósentatalan 2,9%. Þá var fjöldi innflytjenda sem búsettur var á svæðinu 556, en í upphafi árs 2024 voru þeir 1.439. Fjölgun innflytjenda hefur verið lyftistöng fyrir atvinnulíf og menningu á Vestfjörðum og skapað líflæg fjölmenningsamfélög.

Til betri vegar:


Talsvert hefur áunnist frá því er síðasta sóknaráætlun var gerð og jákvæð þróun á mörgum sviðum: atvinnutekjur hafa aukist og fyrirtækjum fjölgað. Færri búa aðeins yfir grunnmenntun og fleiri yfir háskólamenntun. Orkuskiptin eru orðin sýnlegri með fleiri rafknúnum farartækjum og fjölgun hraðhleðslustöðva. Starfsemi Bláma hefur haft mikil áhrif á vinnu og viðhorf tengd orkuskiptum. Á sviði ferðaþjónustu

hefur sameiginleg markaðssetning Vestfjarða og Dala hafist undir flaggi Vestfjarðaleiðarinnar. Á sviði atvinnulífs hefur Sóknarhópur Vestfjarða tekið til starfa, þar sem fulltrúar fjölmargra greina atvinnulífsins vinna sameiginlega að hagsmunum svæðisins. Sveitarfélögin á svæðinu hafa tekið höndum saman og vinna t.d. sameiginlegt svæðisskipulag og svæðisáætlun um úrgang.

Vestfirðir eru nú í sókn

Enn af innviðum:

Öflugir innviðir eru forsenda allrar framþróunar. Hin mikla viðhaldsskuld á Vestfjörðum er steinn í götu atvinnu- og samfélagsþróunar og er fyrirferðarmikil í umræðu um vestfirsk málefni. Þetta kom skýrt fram í samráði um Sóknaráætlun 2025-2029, en ekki má gleyma að síðan sú síðasta kom út hafa merkir áfangar náðst: Dýrafjarðargöng, láglendisvegur í Gufudalssveit og endurbygging vegar um Dynjandisheiði sem enn er ólokið. Þó veldur djúpum vonbrigðum fálæti gagnvart vetrarþjónustu og viðhaldi vega og tilfærsla jarðgangna á Vestfjörðum í biðflokk. Flutnings- og dreifikerfi raforku innan Vestfjarða hefur eflst á tímabilinu. Tækifærin sem það felur í sér líða fyrir skort á virkjuðu vatnsafla innan Vestfjarða og



viðkvæmri flutningslínu inn á svæðið. Sóknaráætlun sem aðgerðaráætlun hefur ekki í sér burði til að takast á við svo stórtæk viðfangsefni sem vegagerð og raforkuframleiðslu en verkefni hennar eru engu að síður oft háð þróun þeirra. Árangur sóknaráætlunar verður áfram háður þróun innviða, en nú er lagt traust á að þungamiðja þeirrar umræðu færist yfir á SvæðisSKIPULAG Vestfjarða 2025-2050 sem öll sveitarfélögin á svæðinu vinna nú að í sameiningu.

Hamingjan sanna og samfélagið:

Reglubundnar íbúakannanir sýna þá þróun að hamingja íbúa hefur dvínað, sem vert er að bregðast við og mikilvægt er að vinna áfram að farsæld barna; velferð þeirra, menntun og tómstundum. Þess er vænst að nýtt starf farsældarfulltrúa og

í kjölfarið stofnun sameignlegs farsældarráðs verði gæfuspor á þeirri vegferð. Meðal verkefna sem hafa unnist á þessu sviði er menntastefna Vestfjarða, barnameningarhátiðin Púkinn og undirritun samnings um nýtt verkmenntahús á Ísafirði. Ungmenni mega ekki falla milli skips og bryggju og hafa þau öðlast vettvang til að láta til sín taka í gegnum árlegt ungmennaping og nýstofnað ungmennaráð Vestfjarða.

Saman í sókn:

Það er sóknarhugur í Vestfirðingum og staðan um margt betri en hún var fyrir fimm árum síðan. Það verður því gaman að fylgjast með þróun mála á tímabili Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029.

Þróun lykilmælikvarða

Atvinnutekjur

Per íbúa, hlutfall af landsmeðaltali



Fyrirtæki

Nýskráð hf. og ehf. pr 1000 íbúa



Grunnmenntun

Hlutfall af íbúum 25 og eldri sem eingöngu hafa grunnmenntun



Háskólamenntun

Hlutfall af íbúum 25 ára og eldri sem hafa háskólamenntun



Þróun lykilmælikvarða

Íbúar

Fjöldi íbúa á svæðinu

6.913

2019



7.168

2022

Hamingja

Lýðheilsuvísar, fullorðnir

57,7%

2018



53,6%

2023

Urðun

Magn úrgangs til
urðunar í tonnum

3.955

2019



4.401

2023

Orkuskipti

Hraðhleðslustöðvar

5


2019



11

2024

Vestfirðir – SVÓT



S

Helstu styrkleikar

Samheldin, fjölbreytt og opin samfélag
 Sterk sjálfsmynd og sóknarhugur
 Skapandi þáttökusamfélag
 Stöðugt atvinnulíf og víða aukin fjölbreytni starfa
 Góð aðstaða til fjarvinnu
 Stórbrotin náttúra, kyrrð, og miklir útivistarmöguleikar

V

Helstu veikleikar

Húsnæðisskortur hamlar íbúafjölgun
 Skortur á verslun og þjónustu
 Fámenni og brottflutningur ungs fólks
 Andvaraleysi í umhverfis- og loftslagsmálum
 Fár burðarstöðir menningarlífs
 Stutt ferðamannatímabil

Helstu ógnanir


Erfiðar og hamlandi vetrarsamgöngur
Ófullnægjandi heilbrigðisþjónusta
Skortur á möguleikum til menntunar
Ákvarðanfærni, skilnings- og aðgerðaleysi stjórnvalda
Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og alþjóðaflugvöllum
Loftslagsbreytingar, tíðari ofsaveður og ofanflóð
Orkuskortur og ótrygg raforka hamlar atvinnulífi og samfélagi
Höfuðborgarmiðuð stefnumótun hins opinbera

Ó

Helstu tækifæri

Fjölgun jarðgangna og bætt vetrarþjónusta
Aukin orkuframleiðsla og bættur raforkuflutningur
Nýsköpun og rannsóknir byggð á sérstöðu Vestfjarða
Hringrásarnálgun í fullvinnslu afurða
Breytingar í sjávarútvegi vegna orkuskipta
Beinn útflutningur afurða af svæðinu
Þróun Vestfjarðaleiðarinnar og lenging ferðamannatímabilsins
Þjóðgarður á Vestfjörðum

T



Framtíðarsýn 2050

Vestfirðir eru einstakt svæði til að njóta hreinnar náttúru og kyrrðar. Svæðið er fjölbreytt og framúrskarandi til búsetu, atvinnu og heimsóknna. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmýnd og umhverfisvitund. Á Vestfjörðum eru góðir innviðir, öflug þjónusta, fjölbreytt atvinnulíf og blómstrandi menning. Fjórðungurinn einkennist af samheldnum samfélögum sem byggja á virðingu fyrir fólki, umhverfi og auðlindum.



Meginmarkmið málaflokka og ytri áhrifaþættir



Staða málaflokks



Atvinnulíf

Skapa forsendur sem gera Vestfirði að áhugaverðum stað fyrir nýsköpun, atvinnuuppbyggingu og fjölbreytt störf

Atvinnulíf Vestfjarða byggir í grunninn á ríkulegum aðgangi að gjöfulum náttúruauðlindum og er bláa hagkerfið þar helsti burðarásinn en landbúnaður hefur gefið eftir. Síðustu ár hefur fiskeldi og ferðaþjónusta vaxið fiskur um hrygg og nýsköpun innan líftækni malar gull. Staðan á Ströndum, Reykhólahreppi og Barðaströnd ber þess merki að landbúnaður, sem á í vök að verjast, er þar mikilvæg atvinnugrein.


Atvinnulífið er útflutningsdrifið og gott umhverfi er til nýsköpunar með öflugum hugviti heimafólks og stuttum boðleiðum. Möguleikar til fullvinnslu náttúruafurða, sér í lagi úr sjó, eru miklir og tækifæri fólgin í aukinni sjálfbærnihugsun með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi. Slakir innviðir svæðisins hafa staðið atvinnulífi fyrir þrífum, einkum erfiðar vetrarsamgöngur og orkuskortur.

Byggja þarf fleiri stöðir verðmætasköpunar, þó þeim hafi fjölgað, og minnka þarf árstíðasveiflu ferðaþjónustu. Ferðaþjónustan innan landshlutans hefur vaxið hratt og er fjölgun ferðamanna til Vestfjarða yfir sumartímam. Mikil tækifæri eru tengd uppbyggingu fleiri og fjölbreyttari gististaða og aukinni verslun og þjónustu í fjórðungnum.

Öflugt hugvit heimafólks og stuttar boðleiðir

Atvinnulíf - áherslur

- » Við viljum efla vöru- og tækniþróun, auka framleiðni og vöxt fyrirtækja með áherslu á hringrásarhagkerfið, orkuskipti og fullvinnslu matvæla
- » Við viljum ýta undir nýsköpun með samstarfi atvinnugreina og klasastarfi í sjávarútvegi, fiskeldi, landbúnaði og ferðaþjónustu
- » Við viljum öflugar nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar til að styðja við ný og óstaðbundin störf á Vestfjörðum
- » Við viljum fjölga fyrirtækjum og styðja við þróun nýrra atvinnugreina sem byggja á sérstöðu svæðisins
- » Við viljum bæta heilsársinnviði, efla ver slun, auka afþreyingu og fjölga gistimöguleikum fyrir ferðamenn á Vestfjörðum
- » Við viljum hvetja til húsnæðis- uppbyggingar



Staða málaflokks



Samfélag

Stuðla að aukinni hamingju og velferð íbúa, bættu aðgengi til náms, aukinni farsæld og góðri lýðheilsu.

Sterkar félagslegar tengingar og samheldni einkenna samfélög á Vestfjörðum. Nú sér fyrir endann á löngu tímabili fólksfækkunar, hefur þróunin víðast verið snúið við og framundan er uppbygging á breyttum forsendum. Hlúa þarf að samfélaginu með inngildingum að leiðarljósi. Sérstakan gaum þarf að gefa jafnrétti til náms og tómstunda og þá eru lýðheilsa og farsæld barna og ungmenna mikilvæg verkefni.


Vestfirðir eru víðfemir og felast áskoranir í fámenni og fjarlægðum. Má sjá áskoranir birtast meðal annars í menntunarmöguleikum barna og þeirra sem eldri eru. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er víða í ólagi og húsnæðisskortur hefur hamlað íbúa- og atvinnuþróun. Á minni stöðum er erfitt að halda úti grunnþjónustu sveitarfélaga og verslun.

Á sama tíma og fjarlægðir og fámenni eru áskorun er samfélagsnetið þéttfið og upplifun íbúa almennt á þá leið að þeir tilheyri samfélagi sínu. Vestfirðingar geta verið duglegir að færa sér landsins gæði í nyt til útivistar og heilsubótar og víða er félagsstarf í blóma.

Félagslegar tengingar og samheldni

Samfélag - áherslur

- » Við viljum tryggja jafnrétti til áframhaldandi menntunar eftir grunnskóla
- » Við viljum stuðla að fjölbreytni samfélagsins og samþætta móttöku sveitarfélaga á nýjum íbúum.
- » Við viljum tryggja farsæld barna og gott aðgengi að íþrótt- og tólmstundastarfi fyrir börn og ungmenni.
- » Við viljum auka virkni og bæta lýðheilsu með aðgerðum sem hvetja til þátttöku allra íbúa.
- » Við viljum stuðla að bættri nærpjónustu í samfélögunum.
- » Við viljum stuðla að sterku fjölmeningarsamfélagi á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á farsæla inngildinguna og íslenskukennslu.



Staða málaflokks



Umhverfi

Auka umhverfisvitund
íbúa, sveitarfélaga og
fyrirtækja, bæta aðgengi
að sjálfbærum lausnum
og draga úr sóun

Náttúra og umhverfi Vestfjarða búa yfir miklum styrkleikum; mikilfenglegt landslag, víðerni, lítt röskuð náttúra og jákvæðri ímynd.

Gætt hefur ákveðins andvara- og framtaksleysis á sviði umhverfis- og loftslagsmála og úrgangsmálum og fráveitu er ábótavant. Það horfir þó til betri vegar. Sveitarfélögin á Vestfjörðum vinna nú að gerð svæðisáætlunar um úrgang og loftslags- og orkuskiptaáætlana, sem fela í sér aukna áherslu á umhverfismál í stjórnun þeirra.

Í grunnatvinnuvegum felast mikil tækifæri í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og fullvinnslu innan hringrásarhagkerfisins. Sem áður háir skortur á raforku bæði atvinnulífi og samfélagi og geta aðeins úrbætur á sviði framleiðslu og flutnings raforku gert orkuskipti möguleg.

Vestfirskir firðir, víkur og víðerni henta vel til búsetu, útivistar og ferðaþjónustu vegna sinna einstöku skilyrða og enn er til skoðunar að stofna þjóðgarð á Vestfjörðum. Þá er heimafólk almennt stolt af því að tilheyra þessu einstaka umhverfi og metur það til lífsgæða.

Heimafólk er stolt af einstöku umhverfi

Umhverfi - áherslur

- » Við viljum stuðla að samstarfi sveitarfélaga og fyrirtækja um umhverfis- og loftslagsmál.
- » Við viljum varðveita og tryggja auðlindir til ferðamennsku og útivistar fyrir komandi kynslóðir.
- » Við viljum stuðla að öflugum hringrásarhagkerfi og frekari orkuskiptum
- » Við viljum tryggja að ásýnd, yfirbragð og ímynd Vestfjarða beri áfram vott um lítt snortna náttúru, fegurð, kyrrð og hreinleika.
- » Við viljum stuðla að fræðslu og upplýstri umræðu um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og umhverfis- og loftslagsmál.
- » Við viljum styðja umhverfisvæna ferðamáta eins og göngu, hjólreiðar og almenningssamgöngur.



Staða málaflokks



Menning

Efla fjölbreytt menningarlíf, stuðla að samvinnu um viðburði, styrkja félagsleg tengsl og hvetja til þátttöku

Vestfirðir laða að sér skapandi fólk og öflugt menningarlíf er ein af skrautfjöðrum svæðisins. Listsköpun hverskonar og félagsstarf hefur löngum verið innihaldsríkur þáttur í lífi íbúanna. Menningin endurspeglast í hefðum á sviði sagnamennsku, matargerðar, tónlistarlífs og safnastarfs. Bæjar-, íþróttar, og menningarhátíðir laða margar að sér gesti víða að sem ýtir undir sterka ímynd Vestfjarða.

Menning og afþreying eru ráðandi þáttur í byggðafestu hér á landi en slíkt þrífst ekki í tómarúmi. Það er því oftast ekki öflugri grasrót að þakka að listalíf á Vestfjörðum hefur verið svo öflugt. Í þátttökustarfi hverskonar harðnar samkeppnin við sófann og erfiðara reynist að reka menningar-, tómstunda-, og íþróttastarf sem byggist á breiðri þátttöku íbúa. Betur má hlúa að hverskonar menningarstarfsemi svo það hvíli ekki á fárra herðum og meira samstarf er ákjósanlegt.

Auka þarf veg vestfirskrar menningar og skilning á því að hún er einnig atvinna en ekki aðeins áhugamál. Mikil tækifæri felast í samlegðaráhrifum menningar og ferðaþjónustu á svæðinu.

Skapandi fólk og öflugt menningarlíf

Menning - áherslur

- » Við viljum auka samvinnu menningar og atvinnulífs, samstarf svæða og efla menningarstarf sem er ætlað öllum Vestfirðingum.
- » Við viljum tryggður sé vettvangur menningarstarfsemi í öllum byggðakjörnum.
- » Við viljum efla ímynd Vestfjarða sem áhugaverðs svæðis til að njóta lista og til listsköpunar.
- » Við viljum auka menningarlæsi allra íbúa Vestfjarða og bjóða menningu af öllum uppruna velkomna.
- » Við viljum ýta undir menningarleg og söguleg sérkenni mismunandi svæða á Vestfjörðum.
- » Við viljum efla og kynna menningu barna og ungmenna.




Samskipta- og kynningaráætlun

Mikilvægt er að meðvitund ríki um Sóknaráætlun og þau tækifæri sem í henni liggja til eflingar landshlutans. Vænlegast til árangurs er virk þátttaka íbúa, atvinnulífs og kjörinna fulltrúa. Hérna eru þær miðlunarleiðir sem notaðar eru til kynningar á Sóknaráætlun Vestfjarða.

Samskiptaleiðir

- » Greinaskrif og umfjallanir í fjölmiðlum
- » Heimasíða Vestfjarðastofu
- » Fundir og ráðstefnur
- » Samfélagsmiðlar
- » Auglýsingar



Leið	Aðgerð	Ársfjórðungur				Markhópur			
		F1	F2	F3	F4	M1	M2	M3	M4
Fundir og ráðstefnur	Kynningarfundir fyrir sveitarstjórnarmenn								
	Kynningarfundir fyrir starfsmenn sveitarfélaga								
	Kynningarfundir fyrir íbúa								
	Vinnustofur í tengslum við úthlutun uppbyggingarsjóðs								
	Úthlutunarhátið								
Auglýsingar	Úthlutun – auglýsingar í svæðismiðlum								
	Úthlutun – samfélagsmiðlar								
	Kynningarfundir fyrir íbúa – svæðismiðlar								
	Kynningarfundir fyrir íbúa – samfélagsmiðlar								
	Úthlutunarhátið – samfélagsmiðlar								
Samfélagsmiðlar	Fréttir af framkvæmd sóknaráætlunar – 1x í mánuði								
	Kynning á verkefnum sem hlotið hafa styrk – 1 x í mánuði								
	Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum								
	Greinum á svæðismiðlum og prentútgáfum deilt								
Heimasíða	Fréttir af framkvæmd sóknaráætlunar – 1x í mánuði								
	Kynning á verkefnum sem hlotið hafa styrk – 1x í mánuði								
	Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum								
	Greinar af svæðismiðlum og prentútgáfum								
Greinar um fjöllum	Greinar í svæðis- vefmiðla (t.d. bb.is) 4x á ári								
	Viðtal/umfjöllun í einum landsmiðli – 1x á ári								

Markhópar M1 - Sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga M2 - Íbúar Vestfjarða
M3 - Fyrirtæki á Vestfjörðum M4 – Menningarstofnanir á Vestfjörðum


Samráð

Sóknaráætlun Vestfjarða var gerð í fyrsta sinn árið 2015 og er þessi því sú þriðja í röðinni. Í hvert sinn sem ný sóknaráætlun er gerð er kallað eftir víðtæku samráði innan fjórðungsins sem er mikilvægur liður í því að aðgerðaáætlunin endurspeglir það sem kallað er eftir hverju sinni.

Við gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 hófst samráð með spurningakönnun til styrkþega Uppbyggingarsjóðs og til kjörinna fulltrúa, stjórnar Vestfjarðastofu og Sóknarhóps. Haldnir voru fjórir opnir íbúafundir á öllum þremur svæðum Vestfjarða til að móta og forgangsráða áherslum og einn að auki með starfsfólki sveitarfélaga við Djúp. Á Ungmennapingi vorið 2024 var vinnustofa þar sem unga fólk fékk tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og til að ná örugglega að fanga raddir sem flestra var fjórum öðrum hópum boðið að taka þátt í fókusfundum.

Þegar búið var að greina helstu niðurstöður samráðsins voru þær bornar undir samráðsveitvang Sóknaráætlunar á úrvinnslufundi. Í framhaldi af því úr því voru drög þessarar ágætu áætlunar unnin og þau birt í Samráðsgátt stjórnvalda.

Þátttaka í samráðinu var framar vonum og samanlagt má áætla að um 450 manns hafi lagt sitt af mörkum við mótun Sóknaráætlunar 2025-2029. Það er ekki bara hið fornkeðna að margar hendur vinni létt verk, heldur er það svo að eftir því sem fleiri leggja sitt af mörkum verður eignarhald yfir afurðinni víðara. Takk öll fyrir framlagið.



**Takk fyrir þátttökuna –
þetta er sóknaráætlun
okkar allra!**

SPURNINGAKÖNNUN
2 hópar


UNGMENNAPING



FÓKUSHÓPAR
4 hópar

OPNIR FUNDIR
5 fundir

FRAMTÍÐARSÝN – MARKMIÐ – ÁHERSLUR



GÖGN ÚR SAMRÁÐI



OPNIR FUNDIR



Um
450 manns
tóku þátt

Fókushópar – ELDRI BORGARAR



Fókushópar – ERLENDIR FRÆÐIMENN



Fókushópar – MENNINGARRÁÐ



Fókushópar – ERLENDIR ÍBÚAR



Ferli og samlegð sóknaráætlunar og svæðisskipulags

Samkvæmt lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlunir eru sóknaráætlunir stefnumótandi áætlunir sem taka til starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í sóknaráætlunum landshluta skal mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka m.a. mið af skipulagsáætlun.

Á Fjórðungsþingi Vestfjarða árið 2023 var samþykkt að ráðast í gerð svæðisskipulagsstefnu fyrir Vestfirði. Samþykktin hljóðaði svo: „Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðapróun á Vestfjörðum til framtíðar.“ Að því gefnu að á sama tíma skyldi Sóknaráætlun Vestfjarða koma til endurskoðunar ákvað stjórn og starfsfólk Vestfjarðastofu að vinna skjölin samhlíða út frá þeirri forsendu að þau væru bæði tvö farvegir fyrir sameiginlegan ásetning Vestfjarða. Svæðisskipulagið til allt að 25 árum en sóknaráætlunin fjármögnuð aðgerðaaætlun til fimm ára.

Lögð hefur verið áhersla á að samþætta upplýsingaöflun og vinnu að endurskoðaðri Sóknaráætlun fyrir Vestfjarða við verkþætti svæðisskipulagsins og ná fram sameiginlegum sjónarmiðum er varða stöðumat, framtíðarsýn, málaflokka og setningu markmiða.

Á þessum forsendum sjá Vestfirðingar fyrir sér bein tengsl stefnuskjalanna tveggja. Endanleg samþætting stefnuþátta sóknaráætlunar við samþykkt svæðisskipulag verður hins vegar við endurskoðun sóknaráætlunar á árinu 2026 og tæki gildi 2027.

„Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðapróun á Vestfjörðum til framtíðar“

